



Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Aðalstræti 12 - 415 Bolungarvík - Sími: 456 1200 - Fax: 456 7573
Netfang: bolungarvik@syslumenn.is - Veffang: www.syslumenn.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/2656
komudagur 30.5.2012

Bolungarvík, 30. maí 2012.

Nefndasvið Alþingis,
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar - þingmál nr. 733 á 140. löggjafarþingi, þingskjal nr. 1171.

I.

Í þessum athugasemdum verður einkum fjallað um ákvæði 12. gr. frumvarpsins varðandi úrræði þegar iðgjald ábyrgðartrygginga ökutækis sem skráð er í umferð er ekki greitt. Skal sérstaklega nefnt að áþekkt úrræði og lagt er til að verði lögfest í 12. gr. með því að taka upp svonefnt vantryggingagjald er að finna í umferðarlögum þar sem kveðið er á um álagningu gjalds þegar ökutæki er ekki fært til lögmæltrar skoðunar innan tilskilins tíma. Hefur það gjald verið nefnt vanrækslugjald og embættið haft með höndum álagningu þess og innheimtu frá upphafi eða frá apríl 2009.

Sá sem ritar undir þessar athugasemdir kom lítið eitt að samningu þeirra ákvæða sem hér eru til umfjöllunar meðan frumvarp sama efnis var til meðferðar á síðasta þingi, sjá m.a. athugasemdir sem þá voru gerðar, en að vel athugðu máli og þar sem betra tóm hefur gefist til að fara yfir ákvæðin auk þess sem frumvarp til nýrra umferðarlaga hefur verið lagt fram þar sem er að finna ítarlegri ákvæði um vanrækslugjald en í gildandi umferðarlögum, þykir rétt að skerpa á fáeinum atriðum til að tryggja sem best góða framkvæmd ákvæða 12. gr. verði þetta frumvarp að lögum.

Í stuttu máli er lagt til að auk fáeinna orðalagsbreytinga verði gerðar eftirtaldar minniháttar efnisbreytingar: a) tilkynningum til Umferðarstofu verði ekki blandað í grein um álagningu gjaldsins, b) ráðherra fái heimild til að breyta fjárhæð vantryggingagjalds til samræmis við breytingar á almennu verðlagi á hverjum tíma, c) kveðið verði á um að notkun ökutækis verði óheimil þegar við tilkynningu skv. 11. gr. en að ekki þurfi sérstaka tilkynningu þar að lútandi sem birt sé fyrir eiganda, d) skerpt verði á orðalagi um skyldu lögreglu til að hindra óheimila notkun óváttryggðs ökutækis með því að fjarlægja skráningarmerki þess eða með samsvarandi aðgerðum, e) skerpt verði á orðalagi um þau úrræði og heimildir sem fylgja álagningu og innheimtu vanrækslugjalds og þau löguð að almennum ákvæðum laga um nauðungarsölu f) kveðið verði á um að tilkynningar (greiðsluáskoranir) gagnvart þeim sem ekki næst að birta fyrir og mælt er fyrir um að skuli birtar opinberlega skuli birtar í Lögbirtingablaði og loks g) tekið verði fram í 23. gr. laganna sem fjalla um þau atriði sem ráðherra skal eða er heimilt að setja í reglugerð að kveða skuli á um hvert megi skjóta ágreiningi um álagningu gjaldsins.

II.

Gerð er tillaga um að hugað verði að breytingum á einstökum málsgreinum 12. gr. sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 12. gr. er kveðið á um að þegar Umferðarstofu berist tilkynning um að váttrygging sé úr gildi fallin skuli lagt á mánaðarlegt gjald, frá þeim degi er tilkynning barst. Ekki verður séð að það hafi sérstaka þýðingu að nefna Umferðarstofu í þessu ákvæði. Henni berast tilkynningar eftir sem áður, sbr. 1. mgr. 11. gr., sem færast í ökutækjaskrá jafnharðan og markar það upphafstíma þess þegar vanrækslugjaldið skal lagt á.

Því er lagt til að ákvæðið verði styttn og það haft sem hér segir:

Nú fellur váttrygging ökutækis úr gildi, sbr. 1. mgr. 11. gr., og skal þá lagt á mánaðarlegt gjald, vantryggingagjald, frá þeim degi, sem eigandi ökutækis skal greiða.

b) Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um fjárhæð vantryggingagjalds og heimild ráðherra til að ákveða mismunandi fjárhæð þess eftir flokkum ökutækja. Eins og áður segir er um margt um svipað ákvæði að ræða og er að finna í umferðarlögum nr. 50/1987, sbr. lög nr. 65/2008, þegar ökutæki er ekki fært til lögmæltrar skoðunar. Nú er hins vegar til meðferðar á Alþingi frumvarp til nýrra umferðarlaga, sem áður segir, þar sem er að finna nokkru ítarlegri ákvæði um gjaldið. Þykir mega leggja til að orðalag þessa frumvarps um vantryggingagjaldið verði sem mest samræmt orðlagi samsvarandi ákvæða frumvarps til umferðarlaga um vanrækslugjaldið, en í frumvarpi til umferðarlaga eru þau sem hér segir:

„Fjárhæð vanrækslugjalds skal ákveðin af ráðherra í reglugerð, en hún skal að hámarki vera 30.000 kr. Breyta má fjárhæð gjaldsins til samræmis við almennar breytingar á verðlagi. Heimilt er ráðherra að ákveða mismunandi fjárhæð vanrækslugjalds eftir flokkum ökutækja.“

Eins og fram kemur er í ákvæðinu gert ráð fyrir að heimilt sé að breyta fjárhæð gjalds miðað við breytingar á verðlagi og því ekki óeðlilegt að það sama eigi við um vantryggingagjaldið.

Er því lagt til að fyrstu þrjú málslíðir 2. mgr. orðist sem hér segir, að teknu tilliti til þess að heimildir ráðherra til setningar reglugerða í frumvarpi til laga um ökutækjetryggingar eru í sérákvæði:

Fjárhæð vantryggingagjalds skal að hámarki vera 25.000 kr. á mánuði. Breyta má fjárhæð gjaldsins til samræmis við almennar breytingar á verðlagi. Heimilt er að ákveða mismunandi fjárhæð vantryggingagjalds eftir flokkum ökutækja.

Að öðru leyti verði orðalag greinarinnar óbreytt.

c og d) Í 1. málslíð 4. mgr. 12. gr. segir að falli váttrygging úr gildi, sbr. 1. mgr. 11. gr., skuli leggja bann við notkun ökutækis. „...Til að framfylgja því banni ...“, o.s.frv. Telja verður að það yrði markvissara að ákveða einfaldlega að falli váttrygging úr gildi, sbr. 1. mgr. 11. gr., sé notkun ökutækis þar með sjálfkrafa óheimil. Með öðrum orðum að búa svo um hnúta að ekki þurfi sérstaka aðgerð eða tilkynningu til að koma í kring banni við notkun ökutækis gagnvart eiganda þess með þeim réttaráhrifum sem því fylgir, en oft er erfitt að ná til viðkomandi og birta fyrir honum, t.d. ef hann er skráður erlendis. Heppilegra telst að bann við notkun ökutækis leiði af því að samningi um váttrygginguna hefur verið sagt upp í samræmi við ákvæði laganna og með þeim aðdraganda sem þau mæla fyrir um. Er þá um leið auðveldara fyrir yfirvöld og aðra aðila sem hagsmuni hafa að fylgjast með því á hvaða tímamarki váttryggingin telst fallin úr gildi og stöðva notkun ökutækisins ef svo ber undir. Er ekki annað

vitað en fyrirkomulagið eins og það er í dag byggist á þessu enda til hagræðis fyrir alla þá sem afskipti þurfa að hafa af óváttryggðum ökutækjum í umferð.

Haft skal í huga að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að notkun ökutækis sem ekki er váttryggt verði lengur refsiverð, líkt og nú er. Að vísu er refsíákvæðið í gildandi lögum ekki mjög skýrt orðað, en því er nú fyrir komið í umferðarlögum. Refsingum (sektum) hefur lítt og að því er virðist fremur ómarkvisst verið beitt, þótt nokkuð sé um það að lögregla fjarlæggi skráningarmeki ökutækja, enda er refsiramminn lágur (sektir skv. reglugerð nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim sem nú er í gildi á bilinu 10.000 - 30.000 kr.) og um margt erfitt að framfylgja refsingu, gagnvart t.d. skráðum eigendum ökutækja til heimilis utan Íslands, þrotabúum, lögaðilum og öðrum slíkum, líkt og var með marga eigendur óskoðaðra ökutækja áður en eiginlegt refsinaemi þess að færa ökutæki ekki til skoðunar á réttum tíma var afnumið og vanrækslugjaldið þess í stað innleitt, sem allir sæta, sem ekki færa ökutæki sín til skoðunar.

Æskilegt má telja að skerpt verði á orðalagi frá því sem nú er um hlutverki lögreglu við að aftra notkun óváttryggðra ökutækja. Þótt sú háttsemi að vera með óváttryggt ökutæki í umferð teljist ekki lengur refsiverð verði frumvarpið að lögum, sem áður segir, felur hún í sér ákveðna mismunun milli þeirra sem ekki greiða og hinna sem standa í skilum með sín iðgjöld. Grefur það undan trausti og réttlætiskennnd borgaranna ef ekki er brugðist við slíkri háttsemi með afdráttarlausum hætti. Þótt ætlunin sé að vantryggingagjald verði lagt á eiganda ökutækis með lögveði í ökutæki hans, mun gjaldið ekki renna til tryggingarfélaganna til greiðslu iðgjalda. Því má í raun segja að fjárhæð iðgjalda þeirra sem standa í skilum með þau þurfi að vera hærri sem nemur því sem aðrir greiða ekki, þótt ökutæki þeirra séu skráð í umferð, og alltaf tekur einhvern tíma að beita þeim heimildum sem vantryggingagjaldið byggir á þannig að ökutæki sé ekki lengur í notkun. Telst því eðlilegt að lögreglu beri áfram skylda til og hafi skýra heimild til að stöðva notkun ökutækis þegar eftir að tilkynning skv. 1. mgr. 11. gr. hefur borist Umferðarstofu og verið færð í ökutækjaskrá. Hugsanlega mætti vera sérstakt ákvæði um að einhverjir aðrir hefðu þetta vald, t.d. á tilteknum svæðum líkt og er með stöðuverði skv. umferðarlögum, en ekki þykir rétt að leggja það til að svo stöddu.

Verði 4. mgr. 12. gr. orðuð sem hér segir:

Falli váttrygging úr gildi, sbr. 1. mgr. 11. gr., er notkun ökutækis óheimil. Til að aftra óheimilli notkun ökutækis skv. þessari grein skal lögregla þegar fjarlægja skráningarmarki ökutækis, festa á það tilkynningu um að notkun þess sé óheimil eða beita öðrum tækum úrræðum til að hindra notkun þess.

e) Rétt þykir að orða með skýrari hætti þau úrræði sem felast í 5. mgr. 12. gr. Í stuttu máli fæli ferlið sem þar er mælt fyrir um í sér að þegar eftir að váttryggingu ökutækis hefur verið sagt upp er gjaldið lagt á eiganda og ökutækið í innheimtakerfi ríkissjóðs. Í beinu framhaldi yrði eiganda birt formlega tilkynning (sem í lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu er nefnd greiðsluáskorun - því telst rétt að hafa það orð í ákvæðinu í lagatextanum) þar sem fram komi að óskað verði nauðungarsölu á ökutæki án frekari fyrirvara með minnst fimmtán daga fyrirvara (en í lögum um nauðungarsölu er kveðið á um þann frest og því líklega rétt að miða við hann en ekki 14 daga eins og í frumvarpinu). Birting þessarar tilkynningar, fyrir eiganda eða fyrirsvarsmanni eiganda getur tekið nokkra daga, ekki síst ef illa gengur að hafa uppi á viðkomandi eða ef birta þarf hana fyrir honum í Lögbirtingablaði. Að birtingu lokinni verður útbúin beiðni um nauðungarsölu sem ásamt vottorði um birtinguna er send sýslumanni í umdæmi þar sem réttindum yfir ökutæki verður þinglýst, sem yfirleitt er á lögheimili eiganda. Í kjölfarið áritar sýslumaður nauðungarsölubeiðni um heimild gerðarbeiðanda (uppboðsbeiðanda) til að sækja ökutæki eða fá það úr vörslum skuldara til að færa á uppboðsstað og sendir beiðnina með

þeirri áritun sinni til gerðarbeiðanda. Sá kemur henni í framhaldinu í hendur aðila sem annast vörslutökur, en til eru fyrirtæki sem sérhæfa sig í þeirri aðgerð. Sá aðili hefur þá upp á ökutækinu og færir það á uppboðsstað eða í geymslu fram að uppboði. Tryggja þyrfti að sá aðili sem annast vörslutöku fari fram með hófsemi og tillitssemi eftir því sem við verður komið. Hér má nefna að í lögum um nauðungarsölu er sá kostur nefndur að nauðungarsala geti farið fram á almennum markaði ef allir aðilar fallast á það. Mundi það úrræði án efa stundum verða nýtt.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að 5. mgr. 12. gr. verði orðuð sem hér segir:

Eiganda ökutækis, eða eftir atvikum vátryggingartaka, skal án tafar send tilkynning (greiðsluáskorun) með sannanlegum hætti um álagningu vantryggingagjalds og réttaráhrif hennar. Skal honum veittur 15 daga frestur frá birtingu annað hvort til að greiða iðgjald vátryggingar sem er í vanskilum og áfallið vantryggingagjald auk kostnaðar eða til að skrá ökutæki ótímabundið úr umferð. Sé ökutæki skráð úr umferð má fresta frekari innheimtuaðgerðum í allt að þrjú mánuði. Að öðrum kosti er heimilt án frekari tilkynninga að óska nauðungarsölu á ökutækinu eða hefja aðrar aðgerðir til innheimtu gjaldsins.

f) Í 7. mgr. 12. gr. segir að takist ekki birting skv. 5. gr. eða sé erfiðleikum háð megi „að liðnum einum mánuði frá álagningu vantryggingargjalds birta opinberlega tilkynningu ...“ o.s.frv. Lagt er til að mælt verði fyrir um að tilkynningin (greiðsluáskorun) skuli birt í Lögbirtingablaði, sem er hinn lögformlegi vettvangur fyrir tilkynningar sem þessar. En aðgangur að prentútgáfu þess er öllum opin á vef þess www.logbirtingablad.is og allir geta gerst áskrifendur að netútgáfu þess gegn mjög lágu endurgjaldi.

Verði 5. mgr. orðuð sem hér segir:

Takist ekki birting skv. 5. mgr. eða sé erfiðleikum háð má að liðnum einum mánuði frá álagningu vantryggingagjalds birta tilkynningu (greiðsluáskorun) í Lögbirtingablaði þar sem fram kemur skráningarnúmer ökutækis, nafn skráðs eiganda þess og eftir atvikum lýsing ökutækis þess sem sætt hefur álagningu gjaldsins. Telst slík birting jafngilda birtingu greiðsluáskorunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

g) Að endingu er gerð tillaga um að í c. lið 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins, sem hefur að geyma ákvæði um reglugerðarheimild, verði sérstaklega tekið fram að ráðherra skuli, auk þeirra ákvæða sem þar eru talin upp, setja ákvæði um kærueimildir og kærufrest vegna ágreinings um álagningu gjaldsins.

Orðist c. liður 1. mgr. 23. gr. því sem hér segir:

Ráðherra setur reglugerðir um:

c. málsmeðferð við álagningu og innheimtu vantryggingagjalds skv. 12. gr. þ.m.t. um kærueimild og kærufrest, skilyrði lækkunar gjaldsins, fjárhæð gjalds eftir flokkum ökutækja, hver skuli annast álagningu þess og innheimtu, þóknun vegna innheimtu og skil þess í rikissjóð.

Mikilvægt er að reynt sé eftir föngum að aftra því að þeir eigendur ökutækja í umferð sem ekki greiða lögmælt iðgjöld ábyrgðartrygginga komist upp með það og geti jafnvel haft af því fjárhagslegan ávinning þar sem ekkert gjald leggst á né stofnast krafa, aðrar en hugsanlegar sektir lögreglu, gagnvart viðkomandi eftir að váttryggingafélag hefur sagt upp samningi sínum. Á hinn bóginn virðist ekki öllum ljóst að skráður eigandi, ekki síst ef hann er einstaklingur, tekur töluverða fjárhagslega áhættu með því að hafa ökutæki ekki með gilda tryggingu ef það veldur bótaskyldu tjóni, þar sem þá skapast endurkröfuréttur á viðkomandi frá Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi, sem ber að greiða tjónþola tjón hans.

Mikilvægt er að þau úrræði sem grípa má til, til að fækka sem mest óváttryggðum ökutækjum í umferð eða sem skráð eru í umferð, séu skilvirk og traust og komi sem jafnast niður á þeim sem fyrir verða. Með þeirri útfærslu sem greinir í 12. gr. frumvarpsins með þeim breytingum sem hér eru lagðar til má segja að sköpuð séu úrræði til að tryggja það sem kostur er.

Að fenginni reynslu af innheimtu vanrækslugjalds, en fjárhæð innheimts gjalds þegar þetta er ritað er frá upphafi um einn milljarður króna, og eftir könnun hjá þeim aðilum sem líklegt telst að kæmu að undirbúningi vinnu við álagningu gjaldsins, verður ekki séð að tæknilega eigi neitt að vera því til fyrirstöðu að koma þessari gjaldaálagningu á án mikils tilkostnaðar eða að þörf verði fyrir ýkja marga starfsmenn í kring um hana. Mjög gróflega áætlað má gera ráð fyrir að stöðugildi þyrftu að vera 3 til 3,5 auk lögfræðings í hlutastarfi og ætti þeim að vera vel fyrir komið hjá t.d. einhverju sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins enda fylgdu nægilegar fjárveitingar verkefninu. Má nefna að við embætti sýslumannsins í Bolungarvík hefur fengist töluverð reynsla af vinnu við innheimtu sem þessa og ætti að nást töluverð samlegð með vinnu við álagningu og innheimtu vanrækslugjalds og þessa gjalds og hagræði fyrir ýmsa aðila að hafa hana á sama stað.

Raunar má telja það sérstakt athugunarefni að þeim ökutækjum sem sæta álagningu vanrækslugjalds skuli ekki hafa fækkað frekar en orðið er, en t.d. í upphafi maímánaðar 2012 voru þau um 2.700. Er í því ljósi viðbúið að eigendur ökutækja sem sæta munu álagningu vantryggingagjalds eigi eftir að verða töluvert margir og talsverðar fjárhæðir að leggjast á, a.m.k. í upphafi, og væntanlega innheimtast. Má telja nær öruggt að það verði í fyrstu ekki undir 100 milljónum króna á ári og ekki ólíklegt að það verði talsvert hærri fjárhæðir miðað við reynsluna af innheimtu vanrækslugjaldsins. Samkvæmt upplýsingum undirritaðs sæta um 700 til 1.000 eigendur ökutækja uppsögn ökutækjatrýgginga sinna í hverjum mánuði, sem tilkynntar eru til Umferðarstofu, þótt án efa bregðist margir fljótt við í framhaldinu og komi ógreiddum iðgjöldum sínum í skil. Gera má ráð fyrir að oftast verði um að ræða ökutæki sem eru að hafa verið í notkun og því yfirleitt einhver verðmæti í þeim og því líkur á að gjaldið fáiast í flestum tilfellum greitt af uppboðsandviði komi til þess. Tekið skal fram að ekki sést að heimilt séð að leggja gjald á önnur ökutæki en þau sem tilkynnt yrði um að ekki hefði verið greitt af eftir að frumvarpið yrði lögfest. Þetta úrræði fæli því ekki í sér að gjald yrði lagt á ökutæki sem eru óváttryggð áður en lögin taka gildi. Þá yrði að kynna og auglýsa þetta úrræði vel áður en álagningin hæfist.

Nokkur ávinningur verður að teljast felast í því að lögregla þarf ekki að sinna þessum málum að öðru leyti en að aftra því að óváttryggð ökutæki séu í umferð. Álagning sekta, og eftirfylgni á innheimtu þeirra með fjárnámi - eða ákæru og dómi ef þær greiðast ekki mun heyra sögunni til og léttu álagi af þessum aðilum, álagi sem raunar hefur líklega aldrei verið mikið þar sem ekki hafa verið tók á að fylgja þessu úrræði eftir sem skyldi vegna álags vegna annarra mála við mörg stærstu lögregluembætti landsins.

Það má telja það mjög umhugsunarvert hvort gjaldið að frádregnum innheimtukostnaði skuli renna í ríkissjóð eða til t.d. Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi eins og óskað hefur verið eftir af hálfu tryggingafélaganna og fleiri aðila og þannig verða til að einhver möguleiki skapaðist á lækkun iðgjalda ábyrgðartrygginga frá því sem ella væri. Ekki skal lagður dómur á það hér en minnt er á að lögregla sem er á vegum ríkisins mun hafa ákveðnar skyldur í sambandi við óvatryggðu ökutækin auk þess sem laun starfsmanna og ýmis annar kostnaður við innheimtuna yrði greiddur úr ríkissjóði - ekki síst er hætt við að kostnaður við vörslutöku sem orðið getur talsverður og ekki alltaf víst að fái greiddur af þeim sem sætti álgningu eða greiddist af uppsboðsandviðri ökutækis sem um ræðir. Einnig skal minnt á að í frumvarpinu er mælt fyrir um að gjaldfallið iðgjald ábyrgðartryggingar njóti nú lögveðsréttar í ökutækjum sem ætti að leiða til minni affalla iðgjaldagreiðslna, en nú er þegar gjaldið er einungis almenn krafa.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson
sýslumaður

Fylgiskjal nr. 1

Texti 12. gr. og c. liðar 1. mgr. 23. gr. frumvarps til laga um ökutækjatrýggingar á 140 lögjafarþingi með innfærðum breytingum (Track Changes).

12. gr.
Vanskil. Úrræði.

Nú ~~fellur váttrygging úr gildi berst Umferðarstofu tilkynning um að váttrygging ökutækis sé úr gildi fallin~~, sbr. 1. mgr. 11. gr., og skal þá lagt á mánaðarlegt gjald, vantryggingagjald, frá þeim degi er tilkynning barst, sem eigandi ökutækis skal greiða.

Fjárhæð vantryggingagjalds ~~skal að hámarki má~~ vera ~~allt að~~ 25.000 kr. á mánuði. ~~Breyta má fjárhæð gjaldsins til samræmis við almennar breytingar á verðlagi. Heimilt er að ákveða mismunandi fjárhæð vantryggingagjalds eftir flokkum ökutækja. Fjárhæð gjaldsins skal ákvarða eftir gerð og búnaði ökutækja.~~ Þá má ákveða að lækka gjaldið um 50% ef tilkynning váttryggingafélags skv. 1. mgr. er afturkölluð innan tiltekins tíma eða ökutæki er skráð ótímabundið úr umferð innan sama tíma. Gjaldið skal ekki leggjast á oftari en tíu sinnum vegna sömu tilkynningar og getur það að hámarki orðið 250.000 kr.

Vantryggingagjald ásamt innheimtukostnaði skal njóta lögveðs í ökutækinu í samræmi við ákvæði 10. gr. og fjárnámsréttar hjá eiganda ökutækis án undangengins dóms eða sáttar.

Falli váttrygging úr gildi, sbr. 1. mgr. 11. gr., ~~er notkun ökutækis óheimil. skal leggja bann við notkun ökutækis.~~ Til að aftra óheimilli notkun notkun ökutækis skv. þessari grein ~~Til að framfylgja því banni má~~ skal lögregla ~~þegar~~ fjarlægja skráningarkerki ökutækis, festa á það tilkynningu um ~~að bann við~~ notkun þess ~~se óheimil~~ eða ~~beita öðrum tækjum úrræðum nota~~ til þess ~~gerðan tækjabúnað til~~ að hindra notkun ~~þess~~. Heimilt er að leita aðstoðar lögreglu við ~~aðgerðir samkvæmt þessari grein.~~

Eiganda ökutækis, ~~eða eftir atvikum og~~ váttryggingartaka ~~eftir atvikum~~, skal án tafar send tilkynning (~~greiðsluáskorun~~) með sannanlegum hætti um álagningu vantryggingagjalds og réttaráhrif hennar. ~~og eftir atvikum um bann við notkun ökutækis.~~ Skal honum veittur ~~15~~44 daga frestur frá birtingu annað hvort til að greiða iðgjald váttryggingar sem er í vanskilum og áfallið vantryggingagjald auk kostnaðar eða til að skrá ökutæki ótímabundið úr umferð. Sé ökutæki skráð úr umferð má fresta frekari innheimtuaðgerðum í allt að þrjú mánuði. Að öðrum kosti er heimilt án frekari tilkynninga að óska nauðungarsölu á ökutækinu ~~eða~~, hefja aðrar aðgerðir til innheimtu gjaldsins, ~~eða hefja aðgerðir til að aftra notkun þess.~~

Greiðsla vantryggingagjalds frestar ekki réttaráhrifum samkvæmt þessari grein nema eigandi greiði jafnframt gjaldfallið váttryggingariðgjald ásamt vöxtum og kostnaði.

Takist ekki birting skv. 5. mgr. eða sé erfiðleikum háð má að liðnum einum mánuði frá álagningu vantryggingagjalds birta ~~tilkynningu (greiðsluáskorun) í Lögbirtingablaði opinberlega tilkynningu~~ þar sem fram kemur skráningarnúmer ökutækis, nafn skráðs eiganda þess og eftir atvikum lýsing ökutækis þess sem sætt hefur álagningu gjaldsins. Telst slík birting jafngilda birtingu greiðsluáskorunar samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Heimilt er að halda úti vefsíðu þar sem birt eru skráningarnúmer þeirra ökutækja sem á hvílir vantryggingagjald hverju sinni.

Ráðherra er heimilt að fela öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingagjalds.

23. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur reglugerðir um:

c. málsmeðferð við álagningu og innheimtu vantryggingagjalds skv. 12. gr., [þ.m.t. um kærheimild og kærufrest.](#) skilyrði lækkunar [gjaldsinsþess](#), fjárhæð gjalds eftir [gerð og búnaði flokkum](#) ökutækja, hver skuli annast álagningu þess og innheimtu, þóknun vegna innheimtu og skil þess í ríkissjóð.